

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2024-2025



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2024-2025

Frá vinstri: Ingibjörg Jóhannsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, Magnús Ingvason, Helga Þórisdóttir, Hildur Ragnars, Ágúst Hjörtur Ingþórsson og Arnór Snæbjörnsson.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2024 til og með apríl 2025. Nánari upplýsingar um starfsemina er einnig að finna á vefsíðu félagsins (www.ffr.is) og í fundargerðum stjórnarfunda. Fjöldi félagsmanna er nú 129 talsins 76 konur og 53 karlar.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

- 1) Aðalfundur 16. maí 2024
- 2) Störf stjórnar starfsárið 2024-2025
 - a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2024-2025
 - b) Samráðsfundir FFR og KMR
 - c) Endurmat á grunnmati starfa
 - d) Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana
 - e) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna
 - f) Starfshópur forsætisráðherra um embættismenn
 - g) Öryggismál stofnana og forstöðumanna
 - h) Hagræðing í rekstri ríkisins, einföldun stjórnsýslu og sameining stofnana.
 - i) Dómur Landsréttar í máli nr. 98/2024
 - j) Önnur verkefni
- 3) Félagsstarfið
 - a) Heimsóknir til stofnana
 - b) Félags- og fræðslufundir
 - c) Samstarf FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ
- 4) Skrifstofa félagsins
- 5) Lokaorð

1. Aðalfundur 16. maí 2024

Þann 16. maí 2024 hélt FFR aðalfund sinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu í Reykjavík auk þess sem honum var streymt.

Í stjórn voru kosin til tveggja ára þau Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár Íslands og Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla. Kosið var um formann félagsins til tveggja ára á aðalfundi 2023 og því ekki kosið um formann á fundinum. Þá sátu þau Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu áfram í stjórninni í samræmi við 6. gr. laga félagsins, auk formanns stjórnarinnar, Helgu Þórisdóttur, forstjóri Persónuverndar.

Á aðalfundinum voru þau Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaðurinn á Suðurnesjum, Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og Salvör Nordal, umboðsmaður barna, kjörin í kjörnefnd félagsins.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar þann 14. júní 2024 skiptu meðstjórnendur með sér verkum þar sem samþykkt var að Sigríður yrði varaformaður, Ingibjörg gjaldkeri og Arnór ritari.

2. Störf stjórnar starfsárið 2024-2025

Stjórn fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí og ágúst 2024. Stjórn hélt alls tíu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og má finna fundargerðir á vefsíðu félagsins. Flestir fundanna, eða sjö talsins, fóru fram bæði á teams og á skrifstofu félagsins, tveir einungis á teams og einn einungis á skrifstofunni.

Helga, Sigríður, Magnús og Anna, framkvæmdastjóri félagsins, sátu jafnframt mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum kjara- og mannaúðssýslu ríkisins (KMR).

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega.

- a) **Áherslumál stjórnar starfsárið 2024-2025.** Stjórn FFR fjallaði um áherslumál fyrir starfsárið á allnokkrum fundum á liðnu hausti og má finna yfirlit yfir þau á vefsíðu félagsins. Sem fyrr taka þau mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum þess og varða félagsstarfið og fræðslufundi, starfsumhverfi og kjaramál, ásamt stuðningi við forstöðumenn, svo fátt eitt sé nefnt. Af ýmsu er að taka en nefna má áherslu á gerð úttektar á réttarstöðu forstöðumanna á Íslandi, að tryggð verði aðkoma forstöðumanna að vinnu við breytingar á stofnanakerfi ríkisins og öryggismál stofnana og forstöðumanna.
- b) **Samráðsfundir FFR og KMR.** Mánaðarlegir samráðsfundir FFR og KMR eru að jafnaði haldnir í kjölfar stjórnarfunda. Á þessum fundum gefst tækifæri til þess að skiptast á skoðunum og upplýsingum og koma á framfæri hverju því sem komið getur að gagni til að styrkja og skýra stöðu forstöðumanna. Afar margt hefur borið á góma á liðnu starfsári. Má þar t.d. nefna öryggismál stofnana og forstöðumanna og umræður um réttarstöðu forstöðumanna þegar stofnanir eru lagðar niður og þar með embætti forstöðumanna þeirra sömu stofnana. Stjórn FFR leggur á það áherslu að höfð sé hliðsjón af Stjórnendastefnu ríkisins þegar slíkar breytingar eiga sér stað auk þess sem samráð sé haft við forstöðumenn í ferlinu öllu. Einnig hefur stjórn lagt áherslu á að vægi hvers matsþáttar í grunnmati starfa forstöðumanna verði skýrt þannig að ljóst sé hvaða viðmið liggja þar til grundvallar, sjá nánar í c)lið hér á eftir. Að endingu má nefna að til skoðunar er að gera könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna í samstarfi FFR og KMR.
- c) **Endurmat á grunnmati starfa forstöðumanna.** Þegar grunnmat starfa forstöðumanna var innleitt í upphafi árs 2019 var gert ráð fyrir að matskerfið þróaðist áfram og að lagt yrði mat á virkni og árangur þess á árinu 2022 í samstarfi við öll ráðuneyti og FFR. Þeirri vinnu er ekki lokið enn sem komið er. Margt hefur haft áhrif þar á, svo sem það álitamál hvers eðlis launaákvæðanir forstöðumanna eru, þ.e. hvort þær teljist til stjórnvaldsákvarðana eða stjórnvaldsfyrirmæla, sjá nánar í lið i) hér á eftir.

Í grunnmati starfa eru störf forstöðumanna metin út frá umfangi og kröfum um færni, ábyrgð og stjórnun. Stjórn FFR hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að allir þættir matskerfisins séu útskýrðir með haldbærum hætti og að enginn vafi leiki á því hvaða viðmið liggja til grundvallar hverjum þætti og hvert vægi þeirra er innbyrðis. Mikið skortir á í þeim efnum. Á það við um alla þættina en þó sérstaklega umfangspáttinn sem er afar óljós og óskilgreindur. Skýra þarf hvaða viðmið liggja til grundvallar mismunandi flokkun umfangs og hvaða vægi þau hafa.

Nokkur fjöldi forstöðumanna hefur óskað eftir endurskoðun á grunnmati starfs vegna breytinga á starfsemi þeirrar stofnunar sem þeir stýra. Verkferlar og vinnulag við ákvörðun og endurmat á grunnmati starfa eru í fastari skorðum nú en áður var en málsmeðferðartími er þó ennþá óhóflega langur. Má sem dæmi nefna að tekið hefur tvö ár að afgreiða erindi og að grunnmat starfa forstjóra nýrra sameinaðra stofnana umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis liggur ekki enn fyrir þrátt fyrir að hinar nýju stofnanir hafi verið stofnaðar annars vegar þann 1. júlí 2024 og hins vegar þann 1. janúar 2025. Telst það vart til fyrirmyndar að launakjör forstjóra nýrra stofnana liggja ekki fyrir við stofnun þeirra.

d) Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors, um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana. Síðastliðið haust óskaði stjórn FFR eftir áliti dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR, á gildandi réttarreglum á afmörkuðum þáttum í laga- og starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana og ritaði hann í kjölfarið fjórar álitsgerðir sem varða réttarstöðu forstöðumanna og varða eftirfarandi viðfangsefni:

- Launafyrirkomulag forstöðumanna.
- Samnings- og félagafrelsi þeirra.
- Auglýsingu embættis að skipunartíma liðnum og flutning embættismanna.
- Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, þ.á m. forstöðumanna.

Álitsgerðirnar hafa að geyma bæði samantekt á réttarreglum og framkvæmd. Þar er einnig gerður samanburður við nágrannalönd auk þess sem sett eru fram sjónarmið um hvernig megi styrkja framkvæmd reglna og hvort tilefni geti verið til breytinga á þeim.

Hafsteinn kynnti efni álitsgerðanna og niðurstöður á þremur félagsfundum á teams í febrúar og mars síðastliðnum þar sem umræður urðu um efni þeirra.

Stjórn FFR kann Hafsteini bestu þakkir fyrir sína vinnu og útleggningar í samtölum við stjórn félagsins og félagsmenn.

Stjórn FFR sendi fjármála- og efnahagsráðherra álitsgerðirnar í lok mars ásamt bréfi með athugasemdum stjórnar og umræðum félagsmanna um þær á félagsfundum. Afrit af bréfinu ásamt álitsgerðunum var einnig sent til forsætisráðherra. Stjórnin ákvað jafnframt að senda álitsgerðirnar til starfshópanna tveggja sem fjallað er um í lið e) og f) hér á eftir.

Tillögur og sjónarmið FFR sem rakin eru í bréfinu lúta m.a. að eftirtöldum atriðum:

- Haldið verði í núverandi launafyrirkomulag en gerðar ákveðnar breytingar í anda dreifræðis umfram miðstýringu þannig að fagráðherra eða eftir atvikum stjórn verði í ríkari mæli falið ákvörðunarvald og ábyrgð á launum og kjörum forstöðumanns.
- Kveðið verði skýrar á um það í orðalagi 1. mgr. 39. gr. a. starfsmannalaga að önnur laun taki mið af sérstakri hæfni, sérstöku álagi eða árangri í starfi, eins og rakið er í lögskýringargögnum og sækir stuðning í forsögu ákvæðisins.
- Fari svo í framtíðinni að önnur laun taki í framkvæmd ríkara mið af persónubundnum þáttum er enn meiri ástæða en ella til þess að fagráðherra meti þættina enda fer hann með yfirstjórn mála-flokksins og eftirlit með honum.

- Skoðað verði hvort tilefni sé til þess að festa í lög eða reglur árleg starfsmannasamtöl við forstöðumenn þar sem farið yrði yfir rekstur, verkefni og árangur síðast árs, farið yfir stöðuna og verkefnin framundan næsta árið eins og gert er í Noregi. Jafnframt verði skoðað verði hvort nota ætti erindisbréf og í þeim anda eftir að samtal hefur átt sér stað við forstöðumenn.
- Tilefni er til þess að styrkja og skýra rétt FFR til áheyrnar og samráðs skv. 1. mgr. 39. gr. a. starfsmannalaga þannig að nánar verði kveðið á um form og inntak samráðsins og félaginu gert kleift að hafa aðkomu að fleiri atriðum en nú er.
- Gagnrýnt er það viðhorf að ákvörðun um að auglýsa embætti geti ekki talist til stjórnvaldsákvörðunar þar sem engum lögsmætum væntingum væri til að dreifa um framhald skipunar. Á það einkum við ef ástæður slíkrar ákvörðunar eru í raun reistar á mati á frammistöðu forstöðumanns og lítt við unandi við slíkar aðstæður að forstöðumaður fái ekki tækifæri til andmæla og með því bera hönd fyrir höfuð sér. Stjórn hvetur til þess að réttarstaða verði skýrð að þessu leyti og viðurkenndur verði réttur forstöðumanna til þátttöku í umræðu um frammistöðu og hvort tilefni sé til þess að kröftum hans verði veitt annað viðnám.
- Stuðlað verði að hreyfanleika forstöðumanna milli stofnana.
- Stjórn hvetur stjórnvöld til þess að leggja sitt af mörkum í því skyni að hvetja forstöðumenn til þátttöku í þjóðmálaumræðu og leitast við að afmarka betur hver talin verði eðlileg mörk slíkrar tjáningar.
- Unnar verði almennar leiðbeiningar að danskri fyrirmynd um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, þ.á.m. forstöðumanna, til að skýra réttarstöðu þeirra í framkvæmd.

Bréf stjórnarinnar um álitsgerðirnar geymdi ekki tæmandi umfjöllun um álitsgerðirnar en stjórnvöld hvött til þess að rýna efni þeirra og í kjölfarið ráðast í vinnu við að skerpa á og skýra réttarstöðu forstöðumanna

ríkisstofnana. Jafnframt var ítrekað mikilvægi þess að haft verði virkt samráð við félagið í þeirri vinnu.

- e) **Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna.** Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra sem skipaður var undir lok árs 2023 og er m.a. ætlað það verkefni að leggja mat á gildandi fyrirkomulag á ákvörðun launa forstöðumanna með tilliti til mögulegra breytinga á því og þá hvernig því verði vel fyrir komið og að það verði í traustu horfi til framtíðar, óskaði eftir fundi með fulltrúum FFR í nóvember síðastliðnum. Stjórnin ákvað fyrir fundinn að óska eftir sjónarmiðum félagsmanna um gildandi launafyrirkomulag og var þeim komið á framfæri við starfshópinn á fundinum og skriflega í kjölfarið. Athugasemdir og stjórnarmið félagsmanna lutu að ýmsum þáttum s.s. því að grunnmat starfa væri ógagnsætt og vægi hvers þáttar í matinu lægi ekki fyrir eða hvaða viðmið lægju þeim til grundvallar. Grunnmatið væri ósveigjanlegt og gæfi ekki færi á að taka tillit til sérstakra aðstæðna innan stofnana. Önnur laun væru ekki ákveðin í samræmi við ákvæði starfsmannalaga og ekki ljóst hvernig þau hafi verið reiknuð eða fyrir hvað þau standi. Einnig kom fram óánægja með launasetningu og launaþróun. Í athugasemdum félagsmanna kom fram að miklar væntingar hefðu verið til nýs launafyrirkomulags en vonbrigði að kerfið hefði ekki verið innleitt að fullu og allir þættir þess komið til framkvæmda. Til stóð að innleiða frammistöðumat en það hefði hins vegar ekki verið gert.

Fulltrúar stjórnarinnar hittu starfshópinn öðru sinni í byrjun apríl síðastliðnum en gera má ráð fyrir lokaskýrslu frá hópnum í byrjun sumars.

- f) **Starfshópur forsætisráðherra um embættismenn.** Formaður og framkvæmdastjóri félagsins funduðu í lok febrúar með starfshópi sem forsætisráðherra setti á fót á fyrri hluta ársins 2023 til að greina þróun embættismannakerfisins hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Á fundinum komu fulltrúar FFR m.a. á framfæri vangaveltum um lengd og þak á skipunartíma, réttarstöðu forstöðumanna við starfslok, þ.m.t. til

biðlauna, auk hreyfanleika milli stofnana. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum með skýrslu nú á vormánuðum.

- g) **Öryggismál forstöðumanna.** Félagið hefur um nokkurt skeið átt í samtali við KMR um öryggismál forstöðumanna og þeirra stofnana sem þeir stýra. Í kjölfar þeirra samtala sendi stjórn FFR bréf til dómsmálaráðuneytis og óskaði eftir því að skoðun embættis ríkislögreglustjóra á öryggi æðstu embættismanna sem nú stendur yfir taki einnig til forstöðumanna sem hóps stjórnenda hjá ríkinu. Gera má ráð fyrir viðbrögðum frá ráðuneytinu innan tíðar.
- h) **Hagræðing í rekstri ríkisins, einföldun stjórnsýslu og sameining stofnana.** Í janúar síðastliðnum sendi ný ríkisstjórn forstöðumönnum ríkisstofnana bréf þar sem leitað var samstarfs um hagræðingu í rekstri ríkisins og forstöðumenn beðnir um að senda stjórnvöldum tillögur um hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningar stofnana fyrir lok þess mánaðar. Af þessu tilefni sendi stjórn FFR bréf til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem því var fagnað að ríkisstjórnin leitaði samstarfs við alla forstöðumenn hjá ríkinu, enda gott samstarf og samráð við þá sem best þekkja til forsenda þess að vel takist til við hvers konar breytingar í starfsemi og rekstri ríkisstofnana. Í bréfinu kom jafnframt fram að stjórn FFR vænti áframhaldandi samstarfs við stjórnvöld við útfærslu á framkomnum tillögum og treysti því að haft yrði virkt samráð við forstöðumenn á öllum stigum þeirra breytinga sem fram undan kynnu að vera
- i) **Dómur Landsréttar í máli nr. 98/2024.** Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2. nóvember 2023 var viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða. Dómurinn var í samræmi við álit setts umboðsmanns Alþingis í málum nr. 10343/2019 og 10475/2020. Fjármála- og efnahagsráðuneytið undi hins vegar ekki þeirri niðurstöðu og áfrýjaði málinu til Landsréttar sem þann 10. apríl síðastliðinn komst að öndverðri niðurstöðu. Dómurinn klofnaði,

en einn landsréttardómari staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. FFR telur það afar mikilvægt að óska eftir leyfi til að áfrýja framangreindum dómi Landsréttar til Hæstaréttar enda hér tekist á um grundvallaratriði og réttarstöðu forstöðumanna.

- j) **Önnur verkefni.** Á skrifstofu félagsins berast að jafnaði fjölmörg erindi og fyrirpurnir frá félagsmönnum, símleiðis og í tölvupósti, þar sem leitað er ráðlegginga, leiðbeininga og/eða aðstoðar vegna hagsmunamála af ýmsu tagi. Erindi þessi varða kjaramál, viðbótarlaun, endurmenntun, námsleyfi, aðdraganda starfsloka, samskipti við ráðuneyti, veikindarétt, orlofsrétt, lífeyrisréttindi, rétt til styrkja o.fl.

Félaginu berast reglulega erindi úr samráðsgátt stjórnvalda og frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn er kostur á að leggja fram umsögn um tiltekin mál. Stjórnin metur í hverju tilfelli hvort senda skuli umsögn og var svo ekki gert á liðnu starfsári.

3. Félagsstarfið

Einn megintilgangur FFR er að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna, efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna, ásamt því að stuðla að kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.

Innan stjórnar fara stöðugt fram umræður um félagsstarfið og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku og til umræðu um mikilvæg málefni sem mörg hver hafa snert starfsumhverfi forstöðumanna, svo sem hagræðingar-kröfur, opinbera tjáningu svo fátt eitt sé nefnt. Á liðnu starfsári voru óvenju margir félagsfundir haldnir á teams, eða fjórir af sex. Stjórnin telur þó mikilvægt að félagsmenn hafi tækifæri til þess að hittast reglulega á staðfundum svo efla megi tengslin og auka samstöðu meðal félagsmanna. Því er mikilvægt að hvetja félagsmenn til þess að mæta á viðburði á vegum félagsins.

Á liðnu starfsár var farið í tvær heimsóknir til stofnana, haldnir voru sex félags- og fræðslufundir á vegum félagsins og einn morgunfundur í samstarfi FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnaála við HÍ.

3.1. Heimsóknir til stofnana. Skipulagðar voru tvær heimsóknir til stofnana á liðnum vetri. Auk þess að fræðast um starfsemi annarra stofnana eru slíkar heimsóknir kjörinn vettvangur til þess að hitta aðra forstöðumenn, kynnast og efla tengslanetið. Er því ástæða til þess að hvetja félagsmenn til þess að fjölmenna í þessar heimsóknir í framtíðinni.

a) Heimsókn í Árnastofnun. Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Guðrún Nordal, bauð félagsmönnum í heimsókn fimmtudaginn 24. október síðastliðinn. Í heimsókninni gafst félagsmönnum tækifæri til þess að kynnast starfseminni og skoða Eddu, nýtt og glæsilegt hús íslenskunnar, sem vígt var við hátíðlega athöfn á árinu 2023. Stjórn færir Guðrúnu bestu þakkir fyrir glæsilegar móttökur.

b) Heimsókn til Rannís. Fimmtudaginn 20. mars síðastliðinn tók Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, á móti félagsmönnum og kynnti starfsemi Rannís, sem hefur vaxið mjög síðustu ár sem alhliða þjónustustofnun við þekkingarsamfélagið á Íslandi. Ágústi og starfsfólki Rannís eru færðar bestu þakkir fyrir afar fróðlega heimsókn og glæsilegar móttökur.

3.2. Félags- og fræðslufundir. Boðað var til sex félags- og fræðslufunda á starfsárinu. Umfjöllunarefnið voru af margvíslegum toga og voru fjórir af sex fundum á teams.

a) Málstofa um samskiptamál. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust þann 16. maí á síðasta ári var haldin málstofa um mikilvægi vandaðrar samskiptastefnu, þekkingar á grunnþáttum almannatengsla og réttar ráðgjafar í þeim efnum. Fyrirlesarar voru þau Andrea Guðmundsdóttir, doktorsnemi í samskiptafræðum og aðjúnt og fagstjóri miðlunar og almannatengsla við Háskólann á Bifröst og Ingvar Örn Ingvarsson, framkvæmdastjóri alþjóðlegu almannatengslastofunnar Cohn & Wolfe á Íslandi. Skoðuðu þau málefnið frá tveimur sjónarhornum, því fræðilega og því praktíska. Erindi Andreu bar yfirskriftina *Að eiga innistæðu í orðsporsbankanum*, en kjarni erindisins var

um mikilvægi þess að vera fyrirbyggjandi þegar kemur að samskiptum. Erindi Ingvars bar yfirskriftina *Fagleg almannatengsl* og fjallaði það um mikilvægi faglegrar ráðgjafar í almannatengslum sem byggir á þekkingu á aðferðafræði, skilgreiningum, rétttri hugtakanotkun og tilhlýðilegri reynslu.

b) Félagsfundur um óstaðbundin störf. Boðað var til félagsfundar í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands föstudaginn 27. september 2024 með framkvæmdahópi innviðaráðherra um óstaðbundin störf. Á fundinum kynnti Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneyti og starfsmaður framkvæmdahópsins stefnu stjórnvalda og aðgerðina *Óstaðbundin störf* fyrir félagsmönnum. Skömmu áður hafði ráðherra samþykkt tillögu framkvæmdahópsins um að allt að 150 milljón króna yrði varið af byggðaáætlun í framlög til ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu til að fjölga óstaðbundnum störfum á þeirra vegum á landsbyggðinni og til að efla vinnustaðaklasa. Styrkirnir, sem auglýstir voru í október 2024, tóku til stofnana sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu og starfa staðsett utan þess svæðis. Kostnaður sem horft var til var ferðakostnaður til og frá höfuðstöðvum og vegna leigu á aðstöðu í vinnustaðaklösum. Veita mátti styrk til stofnunar vegna starfs til allt að þriggja ára og gat hámarksstuðningur við hvert starf numið allt að 2 milljónum króna á ári. Byggðastofnun annaðist umsjón með úthlutun styrkja og gerð samninga og verður árangur af verkefninu metinn fyrir lok árs 2025. Félagsmenn höfðu fyrir fundinn fengið send drög að verklagsreglum, auglýsingu og umsóknareyðublaði. Markmið fundarins var að fá fram sjónarmið félagsmanna á verkefninu og framangreindum styrkjum áður en þeir yrðu auglýstir. Á fundinum mátti greina mikinn áhuga á þessu frumkvæði stjórnvalda og verður því áhugavert að fylgjast með framkvæmd verkefnisins.

c) Fræðslufundur á teams um samskipti og vellíðan á vinnustað. Boðað var til fræðslufundar á teams þriðjudaginn 5. nóvember síðastliðinn. Á fundinum fjallaði Hilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Mental

ráðgjöf ehf. um mikilvægi heilbrigðra samskipta, sjálfstyrkrar hegðunar og skýrra marka þegar kemur að vellíðan og starfsanda á vinnustað. Erindinu var ætlað að vekja stjórnendur til vitundar um hvað heilbrigð samskipti fela í sér. Fjallað var um hlutverk og ábyrgð okkar allra í því að stuðla að góðum, opnum, jákvæðum og heilbrigðum samskiptum og farið yfir þau helstu atriði sem einkenna góð og árangursrík samskipti og það hvernig sjálfstyrk hegðun og sjálfstraust gera okkur kleift að setja heilbrigð og skýr mörk í samskiptum. Fundurinn var afar fróðlegur og vel sóttur.

d) Þrjár félagsfundir á teams í febrúar og mars um álitssgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR. Nánar er fjallað um efni álitssgerðanna í kafla 2 undir d) lið hér að framan og er vísað til þess. Á fundunum kynnti Hafsteinn efni álitssgerðanna og niðurstöður sínar og svaraði fyrirspurnum félagsmanna. Fundirnir voru mjög vel sóttir, afar upplýsandi og umræður líflegar.

Á fyrsta fundinum sem haldinn var þriðjudaginn 11. febrúar 2025 var fjallað um tvær álitssgerðir; *Álitssgerð um hvort tilefni sé til að breyta launafyrirkomulagi um forstöðumenn ríkisstofnana* og *Álitssgerð um samnings- og félagafrelsi forstöðumanna ríkisstofnana*.

Á öðrum fundinum sem haldinn var miðvikudaginn 26. febrúar 2025 var fjallað um *Álitssgerð um þær réttarreglur sem gilda um ákvörðun um að auglýsa embætti laus til umsóknar að skipunaríma liðnum og flutning embættismanna*.

Á þriðja og síðasta fundinum sem haldinn var miðvikudaginn 5. mars var fjallað um *Álitssgerð um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, þ.á.m. forstöðumanna ríkisstofnana*.

3.3. Samstarf FFR við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ.

Framhald var á samstarfi FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og var einn morgunfundur haldinn á liðnum vetri.

a) Morgunfundur um hvað þurfi til að jafna kjör á milli vinnumarkaða.

Fimmtudaginn 20. mars síðastliðinn var haldinn morgunfundur á Háskólatorgi þar sem velt var upp þeirri spurningu hvað þurfi til að jafna kjör á milli vinnumarkaða. Fundurinn var hluti af ráðstefnunni Viðskipti og vísindi í HÍ og fjallaði Helga Þórisdóttir, formaður FFR um gildi opinberra starfa. Aðrir mælendur voru þau Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, prófessor við HÍ, Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins og fyrrverandi félagsmálaráðherra, Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og Starfsgreinasambands Íslands, Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs hjá SA og Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM.

Fundurinn var vel sóttur, mörg ólík sjónarmið komu fram og ljóst að þörf er á áframhaldandi málefnalegri umræðu um efnið.

4. Skrifstofa félagsins

Félagið leigir skrifstofu með aðgangi að fundarsal í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri félagsins er Anna Hermannsdóttir og er hún í hálfu starfi. Félagið heldur úti vefsíðu, www.ffr.is, þar sem finna má almennar upplýsingar um starfsemi félagsins.

5. Lokaorð

Nokkur áskorun er fólgin í því að virkja félagsmenn til þátttöku í félagsstarfinu. Maður er manns gaman og leggur stjórn áherslu á mikilvægi þess að efla kynni og auka tengsl meðal félagsmanna með því t.d. að bjóða upp á fræðslu og viðburði með reglubundnum hætti. Fráfarandi stjórn bindur traust sitt við að svo verði áfram og félagsmenn sjái sér hag í því að taka þátt í félagsstarfinu. Einnig skiptir máli að félagsmenn séu virkir í samtalinu um ýmis málefni sem geta varðað miklu um réttarstöðu forstöðumanna og þannig stuðlað að þéttari og öflugri rödd félagsins. Þetta á ekki síst við nú um stundir þegar styttist í niðurstöður hjá starfshópum stjórnvalda sem fjallað var um hér að framan. Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar eru mikilvægt innlegg í þá umræðu.

Fjárhagur félagsins er góður eins og ársreikningur sýnir, en verkefni eru ærin og mun sjóður félagsins án efa koma að góðum notum í þeim framtíðarverkefnum sem liggja fyrir hjá félaginu.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru forstöðumenn sem allir eru reiðubúnir til að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Helga Þórisdóttir, formaður